

SAMNINGUR UM FRAMLEIÐSLU Á MAT FYRIR LEIK- OG GRUNNSKÓLA HAFNARFJARÐARBÆJAR 2017-2018

Verkkaupi:	Hafnarfjarðarbær	Verksali:	Skólamatur ehf.
Kennitala:	590169-7579	Kennitala:	590107-0690
Heimilisfang:	Strandgata 6	Heimilisfang:	Iðavöllum 1
Staður:	220-Hafnarfjörður	Kennitala:	230-Reykjanesbæ
Sími:	5855500	Sími:	4202500
Tengiliður:	Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri, raggi@hafnarfjordur.is	Tengiliður:	Jón Axelsson, framkvæmdastjóri, jon@skolamatur.is

1. gr. Lýsing og umfang

Samningur þessi tekur til verkefnisins "Framleiðsla á mat fyrir leik- og grunnskóla Hafnarfjarðarbæjar 2016-2020," eins og það er sett fram í útboðsgögnum dags. apríl 2016 og tilboði verksala, dags. 26.10.2017. Grein 0.9 skal þó breytast í samræmi við 3. gr. þessa samnings.

Eftirtaldar stofnanir heyra undir þennan samning:

LEIKSKÓLAR	Starfsm.	Nem.	Nem. skólast.
Leikskólinn Álfaberg	29	84	
Leikskólinn Bjarkalundur	28	84	
Leikskólinn Hraunvallaskóli	29	93	261
GRUNNSKÓLAR			
Hraunvallaskóli	132	822	
Hvaleyrarskóli	73	410	
Lækjarskóli	116	525	
Setbergsskóli	83	415	
Skarðshlíðarskóli	23	96	
Víðistaðaskóli (2 starfsst.)	115	711	
Öldutúnsskóli	95	532	3.511
	723	3.772	

Verksali skal framleiða og framreiða mat fyrir leik- og grunnskóla í Hafnarfirði ásamt öllu tilheyrandi eins og því er lýst í útboðsgögnum.



2. gr. Samningsgögn

Framkvæmd verkefnis skal vera í samræmi við eftirtalin gögn sem eru hluti þessa samnings:

- a. Skrifleg samskipti og fundargerðir frá fundum sem hafa verið haldnir fram að undirritun samnings.
- b. Verktrygging.
- c. Tilboð verksala, verð.
- d. Fyrirspurnir og svar sent á tilboðstímanum dagsett (25.05.2016).
- e. Útboðsgögn er bera nafnið: "Framleiðsla á mat fyrir leik- og grunnskóla Hafnarfjarðarbæjar 2016-2020," dagsett apríl 2016.

3. gr. Samningstími

- Upphaf samningstíma: 01.11.2017
- Lok samningstíma: 31.07.2018

4. gr. Vanefndir

Verksali skal í einu og öllu rækja samningsskyldu sína í samræmi við ákvæði samnings þessa. Vanefni hann þær, er verkkaupa heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndarúrræðum.

Sjá einnig útboðsgögn.

5. gr. Samningsfjárhæð

Sjá tilboðsblað.

6. gr. Greiðslur og verðbætur

Sjá útboðslýsingu.

8. gr. Ábyrgð og tryggingar

Verksali ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, auk þess tjóns sem verkkaupi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

Verksali skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um.

Verksali skal afhenda verkkaupa afrit af öllum tryggingaskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöld, verði þess óskað.

Sjá einnig útboðsgögn.



9. gr. Framsal réttinda

Verksala er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum, nema með skriflegu samþykki verkkaupa.

10. gr. Skuldskeyting - undirverktakar

Verksala er óheimilt, án samþykkis verkkaupa, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum skv. samningi þessum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef verksali felur undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það verkkaupa skriflega og breytast í engu skyldur verksala gagnvart verkkaupa. Sjá einnig útboðsgögn.

11. gr. Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur á milli aðila út af samningi þessum skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

12. gr. Frumrit samnings

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.



F.h. verkkaupa

Staður og dags. 27.10. 2017
fh. Skólamaturl ehf.
Hóel Jónsson

F.h. verksala

Vitundarvottar:



kt. 121057-3968



kt. 110378-5139

Verð

Nemendur grunnskóla í fastri mánaðaráskrift, einingaverð.....	kr. 607,-
Nemendur leikskóla, einingaverð.....	kr. 607,-
Starfsmenn leikskóla, einingaverð, þ.a. 11% vsk.....	kr. 674,-
Matarkort fyrir nemendur, 10 máltíðir saman	kr. 7.000,-
Matarkort fyrir starfsmenn, 10 máltíðir saman	kr. 7.770,-
Ávöxtur í áskrift, án vsk.....	kr. 53,-
Ávöxtur í lausasölu, án vsk.....	kr. 106,-
Nónhressing nemenda í grunnskóla, einingaverð.....	kr. 175,-

Árni J. L. J.